

REGLUR

um tæknilega framkvæmdarstaðla er varða verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu váttryggingafélaga um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi. Þá gilda reglur þessar um váttryggingasamstæður, sbr. 1. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður.

2. gr.

Verklag, framsetning og sniðmát fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skal váttryggingafélag eigi síðar en 14 vikum eftir lok reikningsárs birta opinberlega skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Reglur þessar eru settar til að innleiða tæknilega framkvæmdarstaðla sem mæla fyrir um verklag, framsetningu og sniðmát vegna skýrslugjafarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður ber hluteignarfélag, eignarhaldsfélag á váttryggingasviði og blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í váttryggingasamstæðu ábyrgð á að birta árlega opinberlega skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu á samstæðugrundvelli.

3. gr.

Innleiðing reglugerðar.

Með reglum þessum, með vísan til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018, öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2452 frá 2. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 94, frá 19. nóvember 2019, bls. 1:

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32015R2452.pdf>.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 57. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 og samkvæmt heimild í 5. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 20. desember 2019.

Unnur Gunnarsdóttir.

Anna Mjöll Karlsdóttir.